



Ársskýrsla Klífursambands Íslands
2025

Pistill formanns	2
Stjórn og nefndir	3
Iðkendatölur	4
Aðstöðumál klifurs á Íslandi	5
Námskeið fyrir dómara og þjálfara	6
Klifurfólk ársins	7
Kvenklifrari ársins 2024	7
Karlklifrari ársins 2024	7
Landslið og úrvalshópar	8
Starfsárið	8
Samantekt af helstu afrekum á erlendum mótum	10
Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót	12
Meðlimir úrvalshópa KÍ	13
Mót	14
Íslandsmeistaramót í grjótblímu	14
Íslandsmeistaramót í línuklifri	15
Bikarmót í grjótblímu	16
Bikarmót í línuklifri	17
Útiklifurafrek Íslendinga	18

Pistill formanns

Kæru klifrarar, formenn klifurfélaga, sjálfboðaliðar og aðrir!

Það er góð tilfinning að kveðja nú sem formaður Klifursambands Íslands eftir mjög árangursríka og lærdómsríka vegferð. Ég er mjög stolt yfir þeirri vegferð sem við höfum farið saman – frá því að Klifursambandið var klifurfélag með enga yfirbyggingu, yfir í það að verða viðurkenndur hluti af íslenski íþróttahreyfingu sem sérsamband innan ÍSÍ.

Það hefur verið ómetanlegt að fá að vera hluti af þessari uppbyggingu og það er óhætt að segja að uppbygging íþróttasambands er bæði mikil áskorun og forréttindi. Það krefst vinnu, þrautseigju og samstöðu, en líka ástríðu og trú á ákveðna framtíðarsýn. Við höfum skapað sterkan grunn fyrir íslenskt klifur, bæði sem almenningsíþrótt og keppnisíþrótt, og ég er sannfærð um að framtíðin er mjög björt.

Aðild Klifursambands Íslands að ÍSÍ var stór áfangi og viðurkenning á því hversu langt við höfum náð sem samfélag, eða íþrótt. Með samstilltu átaki tókst okkur að tryggja klifri sess innan íþróttahreyfingarinnar. Ekki aðeins höfum við fengið þessa viðurkenningu, heldur höldum við áfram að vaxa sem sérsamband með sterkari tengslum við ÍSÍ og stærri fjárveitingum.

Það hefur verið unun að sjá klifursamfélagið vaxa og dafna, með aukinni þátttöku á öllum sviðum – allt frá ungmennum sem mæta á sín fyrstu klifurmót, sjá íslenska keppendur keppa á alþjóðlegum vettvangi sem og að fylgjast með flottu útiklifurrunum okkar.

Þess má einnig geta að klifur hefur fest sig í sessi sem Ólympísk íþrótt, sem skapar umtal og opnar þannig nýjar dyr fyrir keppniklifrara á Íslandi. Við höfum séð frábæra þróun hjá ungu keppnisfólki, þar sem fleiri og fleiri ungmenni taka þátt í stórum keppnum og sýna framúrskarandi árangur. Sérstaklega má nefna vegferð Svönu Bjarnason sem hefur keppt á stórmótum og er öðrum ungum klifurum hvatning. Með aukinni fjölgun í hópi ungra keppniklifrara og stöðugt betri árangri stefnum við ótrauð áfram og horfum björtum augum til framtíðar.

Það sem stendur þó helst upp úr er krafturinn og eldmóðurinn sem einkennir íslenskt klifursamfélag. Það er mikil samheldni og samvinna sem hefur gert okkur kleift að komast þangað sem við erum í dag. Hvort sem það eru sjálfboðaliðar, þjálfarar, eða klifrarar sjálfir sem ýta hvert öðru áfram – þá er fólk, klifrararnir, hjarta og sál klifurs á Íslandi.

Þetta hafa verið frábær fjögur ár og hlakka ég til að fylgjast með áframhaldandi vexti og þróun klifurs á Íslandi. Þótt ég kveðji sem formaður fylgist ég spennt með því sem framundan er. Ég vil þakka ykkur öllum – klifurum, foreldrum, þjálfurum, keppendum, sjálfboðaliðum, stjórnarfólki og öðrum samstarfsaðilum – fyrir ykkar framlag og stuðning. Án ykkar væri þetta ekki mögulegt.

Óska nýrri stjórn góðs gengis og þakka fyrir mig!

Manuela Magnúsdóttir

Stjórn og nefndir

Stjórn Klifursambands Íslands

Manuela Magnúsdóttir, formaður

Friðrik Már Baldursson, starfandi formaður frá september 2024

Benedikt Ófeigsson

Vikar Hlynur Þórisson

Birkir Fannar Snævarrsson

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (varamaður)

Björn Baldursson (varamaður)

Þorgerður Þórólfsdóttir (varamaður)

Fastanefndir

Afreksnefnd

Benedikt Ófeigsson (formaður)

Elísabet Birgisdóttir

Guðmundur Freyr Arnarson

Lilja Björk Baldvinsdóttir

Elmar Orri Gunnarsson (landslíðsþjálfari,
situr fundi)

Mótanefnd

Ben Mokry (formaður)

Ólafur Hrafn Nielsen

Örn Árnason

Fræðslu- og dómarnefnd

Jóhann Haraldsson (formaður)

Þóra Margrét Bergsveinsdóttir

Vikar Hlynur Þórisson

Andri Már Ómarsson

Fjáröflunarnefnd (áður fjármálanefnd)

Hildur Jónsdóttir (formaður)

Friðrik Már Baldursson

Svanur Baldursson

Stefán Karl Sævarsson

Aðrar nefndir

Heiðurs- og viðurkenninganefnd

Bjarnheiður Kristinsdóttir (formaður)

Valdimar Björnsson

Manuela Magnúsdóttir

Útbreiðslunefnd

Árni Stefán Haldorsen (formaður)

Vikar Hlynur Þórisson

Björgvin Hilmarsson

Sighvatur Sveinsson

Útiklifurnefnd

Jón Viðar Sigurjónsson (formaður)

Vikar Hlynur Þórisson

Jafet Bjarkar Björnsson

Iðkendatölur

Tölurnar eru fengnar úr skilum félaganna til ÍSÍ.

Félag	Fjöldi
Klifurfélag Reykjavíkur	1635
Fimleikafélagið Björk	322
Klifurfélag Öræfa	71
Klifurfélag Vestfjarða	51
Klifurfélag ÍA	44
Kraftlyftingafélag Akureyrar	38
<i>Samtals</i>	<i>2094</i>

Aðstöðumál klifurs á Íslandi



Þó að aðstaða til æfinga á höfuðborgarsvæðinu hafi batnað mikið fyrir innan við tveimur árum þegar Klifurfélag Reykjavíkur tók í notkun nýja æfingaaðstöðu í Ármúla 21 sem nýtist m.a. fyrir æfingar úrvalshópa KÍ, að þá heldur iðkendum í klifri áfram að fjölga og þegar er farið að þrengja að þeirri aðstöðu. En mikil vinna fór í það á síðasta ári að finna Klifurfélagi Reykjavíkur nýtt húsnæði. Vonir eru nú bundnar við að Klifurfélagið geti fengið nýtt húsnæði undir starfseminu á næstu árum. Sömuleiðis hafa okkur fregnir borist af því að önnur félög séu að vinna að bættri aðstöðu í samvinnu við sín sveitarfélög, t.d. Klifurfélag ÍA.

Mikið vantar þó enn upp á að keppnaðsaðstaða í klifri sé orðin viðunandi. Eftir vel heppnaða klifurkeppni á RIG 2024 sem haldin var í Laugardalshöllinni var lagt mikið kapp á að finna klifurveggnum sem notaður var á mótinu varanlegan stað þar sem hægt er að halda úrslit á Íslenskum stórmótum í klifri og aðstaða er bæði fyrir áhorfendur og fyrir sjónvarpsútsendingar. Þrátt fyrir talsverða vinnu hefur sú leit því miður ekki enn borið árangur. Þessu til viðbótar sendi Klifursamband Íslands erindi til Þjóðarhallarinnar ehf. Þar var þess farið á leit að Keppnaðsaðstöðu í Klifri yrði komið fyrir í fyrirhugaðri þjóðarhöll. Ekki hafa komið nein endanleg svör en þjóðarhöllin hefur tekið vel í erindi Klifursambandsins og hefur erindið til skoðunar.

Námskeið fyrir dómara og þjálfara

Námskeið fyrir dómara og þjálfara hafi haldist áfram að þróast hjá sambandinu. Haldin voru námskeið fyrir dómara í bæði grjótgímu og línuklifri. Hópur þeirra sem geta dæmt á mótum héraendis fer því stækkandi og endurnýjast sem eru góðar fréttir. Einnig var í boði að taka þátt á dómarnámskeiði fyrir grjótgímu í fjarnámi til að sem flest sem hafa áhuga á eigi tækifæri á að taka þátt. Þar sem dómgæsla er öll unnin í sjálfböðavinnu er ekkert gjald fyrir þátttakendur á námskeiðunum.

Tvennskonar þjálfaranámskeið fóru fram á árinu, annarsvegar örþjálfaranámskeið, sem er 8 klst. líkt og það sem var haldið haustið 2023, og hins vegar Klifurþjálfari 1 sem er 60 stunda námskeið og var haldið núna á árinu í fyrsta skipti. Sex nemendur útskrifuðust af námskeiðinu sem samanstóð af tveimur lotum. Fyrri lotan er á formi fyrirlestra, umræðutíma, kynningu nemenda á verkefnum og verklegum tímum. Seinni lotan er svo starfsnámslota. Þetta námskeið er klifur sérgreinahluti þjálfaramenntunar ÍSÍ og hefur starfsfólk KÍ átt mjög gott samstarf með Viðari Sigurjónssyni sem sér um þjálfaramenntun hjá ÍSÍ við þróun námskeiðsins.



Klifurfólk ársins

Kvenklifrari ársins 2024

Svana Bjarnason var valin kvenklifrari ársins 2024. Svana hefur tekið ötulán þátt í heimsbikarmótum, Evrópumeistaramótum og úrtökumótaröð fyrir ÓL á árinu. Hún er sem stendur (10. desember 2024) í 84. sæti heimslistans í klifurtvíþraut, 107. sæti heimslistans í leiðsluklifri og 123. sæti heimslistans í grjótblímu. Á Evrópumeistaramóti í Villars endaði hún í 19. sæti í klifurtvíþraut. Hún er glæsileg fyrirmynd fyrir íslenskt klifurfólk jafnt í keppni innandyra sem og klifri utandyra.



Karlklifrari ársins 2024



Þetta er í þriðja sinn sem Guðmundur Freyr Arnarson er valinn karlklifrari ársins. Guðmundur Freyr náði 59. sæti á Evrópubikarmóti í leiðsluklifri í Augsburg og 5. sæti á Norðurlandameistaramóti í sömu grein, en það er annar besti árangur íslenskra karla á Norðurlandameistaramóti í leiðsluklifri. Þrátt fyrir að komast ekki á heimslistann að þessu sinni þá er þessi árangur mjög hvetjandi fyrir íslenska keppendur í klifuríþróttum.

Landslið og úrvalshópar

Starfsárið

Þrjú meginverkefni hafa verið grunnstefið í starfi landsliðsins á liðnu ári: Úrtökumótaröðin fyrir ÓL (OQS), fyrstu skref margra landsliðsmanna á Evrópustigi og fyrsta stóra tímabil unglíngalandsliðsins á Evrópustigi.

Eins og flestum er kunnugt komst Svana Bjarnason komst inn á úrtökumótaröðina fyrir ÓL (OQS) og var það stórt verkefni fyrir sambandið og hana sem íþróttakonu. Hún lenti í nokkrum minni meiðslum undirbúningstímabilinu fyrir mótaröðina en sýndi mikla þrautseigju við að yfirstíga þær hindranir. Þetta var líka stórt verkefni fyrir starfsfólk sambandsins og mikill lærdómsferill. Fyrir vikið erum við undirbúin þegar sams konar tækifæri býðst íþróttafólki í komandi framtíð.

Áherslan í öðrum landsliðsverkefnum var á keppnir á Evrópustig. Þetta á bæði við um fullorðna og unglíngalandsliðið. Hópurinn er enn að stíga sín fyrstu skref á þessu keppnisstigi og er enn mikið rúm fyrir bætingu. Á tímabilinu hafa fjórir einstaklingar náð topp 25 árangri á mótum á Evrópustigi. Það eru þau Agnes Matthildur Folkmann Helgadóttir (U18), Greipur Ásmundarson (U18), Paulo Mercado Guðrúnarson (U18) og Jenný Þóra Halldórsdóttir (U16).



Keppnistímabilið fór vel af stað þegar stór hópur frá KÍ mætti til keppni á NM í grjótblímu sem fór fram í Helsinki. Aldrei hafa jafnmargir keppendur frá Íslandi komist í úrslit á þeim mótum en þau voru fimm úr íslenska hópnum sem komust í úrslit. Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg varð fyrsta íslenska konan til að komast í úrslit í opnum flokki. Bestum árangri íslenska hópsins náði Jenný Þóra Halldórsdóttir en hún komst á pall þegar hún náði sér í bronsið í flokki U16 ára. Einnig í úrslitum U16 ára tryggði Dagbjört Lilja Oddsdóttir sér 8. sætið. Agnes Matthildur Folkmann keppti í úrslitum U18 ára, hún var sjöunda inn í úrslitin en átti góðan dag í úrslitum og náði fjórða sætinu. Hekla Petronella Ágústsdóttir náði 8. sæti í úrslitum í sama flokki.

Starfsárið endaði með glæsibrag þegar landsliðið fór á NM í línu haldið í Gautaborg. Keppt var í fullorðins-, ungmenna- og paraklifurflokkum á mótinu. Níu klifrarar komust í úrslit á mótinu. Þau Guðmundur Freyr Arnarson, Birgir Óli Snorrason og Victoria A. Reuter náðu öll í úrslit í fullorðinsflokki. Guðmundur endaði í 5. sæti og er það besti árangur Íslendinga á NM í seinni tíð. Það þarf að fara langt aftur í sögubækurnar til þess að finna hitt skiptið en það var þegar Björn Baldursson keppti á fyrsta Norðurlandamótinu sem haldið var í Lillehammer 1995. Þar endaði hann í 3. sæti. Gauti Stefánsson gerði sér lítið fyrir og tók 3. sætið í paraklifrinu í flokki bindra, sjónskertra og einfættra. Þetta er frábær árangur og flott að sjá hversu mikið hann hefur bætt sig á milli ára. Í unglingsflokkunum voru það Jenný Þóra Halldórsdóttir og Sigurður Orri Óskarsson sem komust í úrslit í U16. Þau enduðu bæði í 5. sæti í sínum flokkum. Agnes Matthildur Folkmann Helgadóttir endaði sömuleiðis í 5. sæti í U18 kvenna. Greipur Ásmundarson komst síðan sterkur inn í úrslitin og endaði með silfrið í U18 karla. Þetta mót sýnir vel þær framfarir sem hópurinn hefur náð á árinu.



Samantekt af helstu afrekum á erlendum mótum

- Svana Bjarnason
 - 46. sæti á Úrtökumótaraðarmóti fyrir ÓL í Budapest
 - 37. sæti á Evrópumeistaramóti í línuklifri í Villars
 - 51. sæti á Evrópumeistaramóti í grjótblímu í Villars
 - 19. sæti á Evrópumeistaramóti í klifurtvíþraut í Villars
 - 41. sæti á heimsbikarmóti í línuklifri í Seoul
 - 51. sæti á heimsbikarmóti í grjótblímu í Seoul
 - 100. sæti heimslista í línuklifri 2024
 - 107. sæti heimslistans í grjótblímu
 - 83. sæti heimslistans í klifurtvíþraut 2024
- Guðmundur Freyr Arnarson
 - 59. sæti á Evrópubikarmóti í línuklifri í Augsburg
 - 5. sæti á NM í línuklifri 2024 (annar besti árangur íslenskra karla á NM í línuklifri)
- Lukka Mörk Blomsterberg
 - 77. sæti á heimsbikarmóti í grjótblímu í Innsbruck 2024
 - 166. sæti heimslistans í grjótblímu 2024
 - 8. sæti á NM í grjótblímu (fyrst íslenska konan í úrslitum á NM í grjótblímu)
- Gabríela Einarasdóttir
 - 66. sæti á Evrópubikarmóti í grjótblímu í Klagenfurt.
 - 9. sæti á NM í grjótblímu
 - 3. sæti á bikarmóti í DK
 - 1. sæti Bison mót í DK (grjótblíma)
- Birgir Óli Snorrason
 - 9. sæti á NM í línuklifri 2024
 - 4. sæti á Greppmeistarmótinu í SE (grjótblíma)
- Victoria A. Reuter
 - 10. Sæti á NM í línuklifri 2024
 - 6. sæti á sænsku bikarmóti í Västervik 2024
 - 3. sæti á sænsku bikarmóti í Stokkhólmi 2025
- Gauti Stefánsson
 - 3. sæti á para-NM 2024
- Paulo Mercado Guðrúnarson
 - 23. sæti í U18 á Evrópumeistaramóti í grjótblímu 2024
 - 25. sæti í U18 á Evrópubikarmóti í línuklifri í Ostermundgen, 2024
 - 2. sæti í U18 á bikarmóti í línuklifri í DK, ágúst 2024
 - 10. sæti í U18 á NM í grjótblímu 2024
 - 8. sæti í U18 á NM í línuklifri 2024
- Agnes Matthildur Folkmann Helgadóttir
 - 4. sæti í U18 á Norðurlandamót í grjótblímu 2024
 - 5. sæti í U18 á NM í línuklifri 2024
 - 23. sæti í U18 á Evrópubikarmóti ungmennan í grjótblímu í Soure, 2024
 - 25. sæti í U18 á Evrópubikarmóti í línuklifri í Ostermundgen, 2024

- 26. sæti í U18 á Evrópumeistaramóti í grjótblímu 2024
- Jenný Þóra Halldórsdóttir
 - 3. sæti í U16 á Norðurlandamóti í grjótblímu 2024
 - 1. sæti í U16 á bikarmóti í línuklifri í DK, ágúst 2024
 - 5. sæti í U16 á NM í línuklifri 2024
 - 24. sæti í U16 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótblímu í Soure 2024
- Greipur Ásmundarson
 - 1. sæti í U18 á bikarmóti í línuklifri í DK, ágúst 2024
 - 2. sæti í U18 á NM í línuklifri 2024
 - 23. sæti í U18 á Evrópubikarmóti í línuklifri í Ostermundgen, 2024
 - 24. sæti í U18 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótblímu í Graz 2024
- Dagbjört Lilja Oddsdóttir
 - 8. sæti í U16 á NM í grjótblímu 2024
- Hekla Petronella Ágústsdóttir
 - 8. sæti í U18 á NM í grjótblímu 2024
- Sigurður Orri Óskarsson
 - 2. sæti í U16 á bikarmóti í línuklifri í DK, ágúst 2024
 - 5. sæti í U16 á NM í línuklifri 2024
- Garðar Logi Björnsson
 - 2. sæti í U19 á dönsku bikarmóti í grjótblímu, janúar 2025
- Gunnar Egill Guðlaugsson
 - 3. sæti í U19 á dönsku bikarmóti í grjótblímu, janúar 2025



Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót

Norðurlandamót í grjótblímu Helsinki, Finnland, mars.
Æfingabúðir París, Frakklandi, mars.
Evrópubikarmót ungmenna í grjótblímu Curno, Ítalíu, apríl.
Evrópubikarmót ungmenna í grjótblímu Soure, Portúgal, apríl.
Evrópubikarmót í grjótblímu Klagenfurt, Austurríki, apríl.
Evrópubikarmót ungmenna í grjótblímu Graz, Austurríki, maí.
Olympic Qualifying Series Shanghai, Kína, maí.
Olympic Qualifying Series Budapest, Ungverjalandi, júní.
Æfingabúðir Gautaborg, Svíþjóð, júní.
Evrópubikarmót í línuklifri Augsburg, Þýskaland, júní.
Heimsbikarmót í línuklifri Innsbruck, Austurríki, júní.
Heimsbikarmót í grjótblímu Innsbruck, Austurríki, júní.
Heimsbikarmót í línuklifri Briançon, Frakkland, júlí.
Bikarmót í línuklifri Kaupmannahöfn, Danmörk, ágúst.
Evrópumeistaramót í línuklifri Villars, Sviss, september.
Evrópumeistaramót í grjótblímu Villars, Sviss, september.
Evrópubikarmót ungmenna í línuklifri Ostermündigen, Sviss, september.
Evrópumeistaramót ungmenna í línuklifri Troyes, Frakklandi, september.
Evrópumeistaramót ungmenna í grjótblímu Troyes, Frakklandi, september.
Heimsbikarmót í grjótblímu Prag, Tékklandi, september.
Heimsbikarmót í línuklifri Seúl, Suður-Kóreu, október.
Heimsbikarmót í grjótblímu Seúl, Suður-Kóreu, október.
Norðurlandamót í línuklifri Gautaborg, Svíþjóð, október.



Meðlimir úrvalshópa KÍ

Úrvalshópur KÍ (fullorðnir)

Birgir Óli Snorrason
Gabríela Einarasdóttir
Guðmundur Freyr Arnarson

Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg
Stefán Þór Sigurðsson
Svana Bjarnason
Victoria Reuter

Úrvalshópur paraklifrara

Gauti Stefánsson

Úrvalshópur ungmenna

Agnes Matthildur Folkmann
Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir
Ásthildur Elva Þórisdóttir
Beníta Líf Palladóttir
Breki Einarsson
Bryndís Óskarsdóttir
Dagbjört Lilja Oddsdóttir
Elvar Gíslason
Eygló Elvarsdóttir
Eyjólfur Árni Sverrisson
Friðrika Gunnarsdóttir
Garðar Logi Björnsson
Greipur Ásmundarson
Gunnar Egill Guðlaugsson
Hekla Petronella Ágústsdóttir
Hilmir Jóhannsson

Hlynur Þorri Benediktsson
Ilmur Jónsdóttir
Jenný Þóra Halldórsdóttir
Kári Þór Þórsson
Laufey Ásdís Traustadóttir
Ólafur Bjarni Ragnars
Paulo Mercado Guðrúnarson
Reynir Ólafsson
Sigrún Vala Valgerðardóttir
Sigurður Orri Óskarsson
Sóley Freyja Friðsteinsdóttir
Sólun Thorberg Helgason
Steinunn Harðardóttir
Sverrir Elí Guðnason
Sylvía Þórðardóttir
Þórdís Nielsen
Þórkatla Þyrí Sturludóttir

Mót

Íslandsmeistaramót í grjótgímu

Íslandsmeistaramótið í grjótgímu 2024 fór fram í Klifurhúsinu 9.-10. Mars. Yfirleiðasmiður mótsins var Aleksi Mikkola frá Finnlandi.

Opinn flokkur karla

1. Paulo Mercado Guðrúnarson
2. Sólon Thorberg Helgason
3. Birgir Óli Snorrason

Opinn flokkur kvenna

1. Gabríela Einarsdóttir
2. Agnes Matthildur Folkmann
3. Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg

U20 karla

1. Sólon Thorberg Helgason
2. Ólafur Bjarni Ragnars
3. Elís Gíslason

U20 kvenna

1. Sýlvía Þórðardóttir

U18 karla

1. Paulo Mercado Guðrúnarson
2. Greipur Ásmundarson
3. Garðar Logi Björnsson

U18 kvenna

1. Agnes Matthildur Folkmann
2. Jenný Þóra Halldórsdóttir
3. Sigrún Vala Valgerðardóttir

U16 karla

1. Hlynur Þorri Benediktsson
2. Sigurður Orri Óskarsson
3. Hilmir Jóhannsson

U16 kvenna

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Sigrún Vala Valgerðardóttir
3. Friðrika Gunnarsdóttir

U14 karla

1. Heimir Steinn Svansson
2. Daníel Ingi Andrason
3. Benedikt Nóel Hinriksson

U14 kvenna

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Steinunn Edda Stefánsdóttir
3. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir

Íslandsmeistaramót í línuklífri

Íslandsmeistaramótið í línuklífri var haldið 4.-6. Október 2024 og fór keppnin fram bæði í Miðgarði og hjá Klifurdeild Bjarkar. Yfirleiðasmiður mótsins var Sören Masch frá Danmörku.

Opinn flokkur kvenna

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Agnes Matthildur Folkmann
3. Hekla Petronella Ágústsdóttir

Opinn flokkur karla

1. Greipur Ásmundarson
2. Birgir Óli Snorrason
3. Garðar Logi Björnsson

U20 kvenna

1. Sýlvía Þórðardóttir

U20 karla

1. Sólon Thorberg Helgason

U18 kvenna

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Agnes Matthildur Folkmann
3. Hekla Petronella Ágústsdóttir

U18 karla

1. Greipur Ásmundarson
2. Garðar Logi Björnsson
3. Paulo Mercado Guðrúnarson

U16 kvenna

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Laufey Ásdís Traustadóttir
3. Sigrún Vala Valgerðardóttir

U16 karla

1. Hlynur Þorri Benediktsson
2. Sigurður Orri Óskarsson
3. Eyjólfur Árni Sverrisson

U14 kvenna

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Katla Rut Veigsdóttir
3. Áróra Nielsen

U14 karla

1. Heimir Steinn Svansson
2. Leó Benjaminsson
3. Gunnar Þór Stefánsson

Bikarmót í grjótblímu

Bikarmótið í grjótblímu fór fram í Klifurhúsinu 13.-14. Apríl 2024. Yfirleiðasmiður mótsins var Mauro Schwaszta.

Opinn flokkur karla

1. Guðmundur Freyr Arnarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

Opinn flokkur kvenna

1. Agnes Matthildur Folkmann
2. Gabríela Einarasdóttir
3. Jenný Þóra Halldórsdóttir

U20 karla

1. Elvar Gíslason

U20 kvenna

1. Sýlvía Þórðardóttir

U18 karla

1. Paulo Mercado Guðrúnarson
2. Garðar Logi Björnsson
3. Greipur Ásmundarson

U18 kvenna

1. Agnes Matthildur Folkmann
2. Jenný Þóra Halldórsdóttir
3. Friðrika Gunnarsdóttir

U16 karla

1. Sigurður Orri Óskarsson
2. Hlynur Þorri Benediktsson
3. Eyjólfur Árni Sverrisson

U16 kvenna

1. Dagbjört Lilja Oddsdóttir
2. Sigrún Vala Valgerðardóttir
3. Friðrika Gunnarsdóttir

U14 karla

1. Heimir Steinn Svansson
2. Benedikt Nól Hinriksson
3. Kolbeinn Sindri Kárason

U14 kvenna

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Áróra Nielsen
3. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir

Bikarmót í línuklifri

Bikarmót í línuklifri í opnum flokkum fór fram í Miðgarði 11. ágúst 2024.

Opinn flokkur kvenna

1. Agnes Matthildur Helgadóttir Folkmann
2. Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir
3. Gabríela Einarsdóttir

Opinn flokkur karla

1. Guðmundur Freyr Arnarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Sólon Thorberg Helgason

U20 karla

1. Sólon Thorberg Helgason

U18 kvenna

1. Agnes Matthildur Folkmann
2. Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir
3. Eygló Elvarsdóttir

U18 karla

1. Paulo Mercado Guðrúnarson
2. Greipur Ásmundarson
3. Garðar Logi Björnsson

Bikarmót ungmenna í línuklifri fór fram 9. Nóvember 2024 þar sem undankeppnin fór fram í húsnæði Fimleikafélagsins Björk og úrslitin í Miðgarði.

U16 karla

1. Sigurður Orri Óskarsson
2. Hlynur Þorri Benediktsson
3. Eyjólfur Árni Sverrisson

U14 karla

1. Heimir Steinn Svansson
2. Gunnar Þór Stefánsson
3. Daníel Ingi Andrason

U16 kvenna

1. Sigrún Vala Valgerðardóttir
2. Anabel Guðlaug L. Guðmundsdóttir
3. Jenný Þóra Halldórsdóttir

U14 kvenna

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Lioba Helen Shijo
3. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir

Útiklifurafrek Íslendinga

Þessi samantekt er að mestu byggð á skráningum á sportklifurleiðum og grjótglimuprautum á 8a.nu, en með viðbótum úr ársriti Ísalp og frá klifrunum sjálfum. Þetta er þó örugglega ekki tæmandi skrá og er beðist velvirðingar á yfirsjónum.

Í sportklifri er miðað við gráðu 7a+/5.12a í kvennaflokki og 7c+/5.13a í karlaflokki. Í grjótglimu er miðað við 7B/V8 hjá körlum og 6C/V5 hjá konum.

Konur

Svana Bjarnason

De Picos Pardos (Olíana, Spánn) 8b

Mea Culpa (Kýparissi, Grikkland) 8a+

La Chèvre de M. Seguin (Leonidio, Grikkland) 8a

Photo de Voyage (Briançon, Frakkland) 8a

(Hér eru aðeins taldar þær leiðir sem Svana setti á Instagram síðuna sína.)

Rúna Thorarensen

La Microscopi (Arboli, Spánn) 7c+

La Doble Nelson (Siurana, Spánn) 7c+

Puceta de Llançol (Siurana, Spánn) 7c+

Þrjár 7b leiðir

Fimm 7a+ leiðir

Holly Spice

Uzun ihsan (Geyikbairı, Tyrkland) 7b

Demir Kazık (Geyikbairı, Tyrkland) 7b

Tvær 7a+ leiðir

Sylvía Þórðardóttir

Vítisbjöllur (Búahamrar) 7b+

Cop de Roc (Siurana, Katalónía) 7a+

Sigrún Hrólfsdóttir

Pela-Roques (Arboli, Katalónía) 7a+

Per Tutatis (Arboli, Katalónía) 7a+

Chanidanger (Arboli, Katalónía) 7a+

Þorgerður Þórólfsdóttir

Bændaglíma (Hnappavellir) 7a+

Sundlaugarpartý (Hnappavellir) 7a+

Karlar

Stefán Þór Sigurðsson

La Cara que no Miente (Siurana, Katalónía) 8a+

Pota d'Elefant (Siurana, Katalónía) 7c+

Þórður Sævarsson

Mefisto (Búahamrar) 7c+

La Doble Nelson (Siurana, Spánn) 7c+

Helgi Egilsson

La Microscopi (Arboli, Katalónía) 7c+

Puceta de Llançol (Siurana, Katalónía) 7c+

Valdimar Björnsson

Sæng mín er svöl (Hnappavellir) 7c+

Grjótglíma

Konur

Ekki hafa fundist upplýsingar um að konur hafi klifrað grjótglímuþrautir af gráðu 6C eða hærra

Karlar

Valdimar Björnsson

Brakið (Vestrahorn) 7C+

Hourglass (Västervik, Svíþjóð) 7C

Reynir Ólafsson

Arabesque (Fontainebleau, Frakkland) 7B+